

5. gr.

68

Engin upphæð verður endurgreidd, ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðarreglum félagsins. 11. maí

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt, endurgreiðist veðfé aftur að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt að innskot fái st að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðarreglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik, missir hestur hans rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup, og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júní næstkomandi og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 31. maí 1927, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. maí 1944.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

69

um kjördaga við atkvæðagreiðslu um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins og um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. 15. maí

Kjördagar við atkvæðagreiðslu samkvæmt lögum nr. 17 24. marz 1944 skulu vera dagarnir 20.—23. maí 1944, að báðum meðtöldum.

Um tilhögun atkvæðagreiðslunnar kjördagana fer eftir alþingiskosningalögum að því leyti er framangreind lög ákveða ekki sérstaklega.

Dómsmálaráðuneytið, 15. maí 1944.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.